

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 07.01 um ljósker í 7. gr.:

- a. Skilgreining á „Auka háljósker“ í tölulið (1) um aðalljós skal vera eftirfarandi:

**Auka háljósker:** Ljósker skulu tengd öðrum háljóskerum og kvikna skal á þeim samtímis áskildum háljóskerum eða um sérstakan rofa. Þegar um er að ræða tvö þör aukaháljóskera mega þau ekki loka samtímis. Einnig er heimilt að hafa aðeins eitt aukaháljósker í stað pars auka-háljóskera, og skal það þá vera í lóðréttu breiddarmiðplani ökutækisins. Þegar skipt er af háljósum á lágjós skulu öll háljósin slokkna samtímis. Aukaháljós skulu staðsett frammar en ökumaður. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og um áskilin háljósker.

- b. Í stað orðanna „Ljóskerin skulu vera byrgð þegar þau eru ekki í notkun“ í tölulið (11) um ljóskastara kemur:

**Fjöldi:** Einn eða tveir. Ef einn ljóskastari er notaður skal hann vera í lóðréttu breiddarmiðplani ökutækisins.

- c. Skilgreining á „Tíðni“ í tölulið (12) um neyðarakstursljós í lið 07.01 um ljósker í 7. gr. skal vera eftirfarandi:

**Tíðni:** Blikktíðni skal vera á milli 60 og 240 leiftur á mínútu. Þó er heimilt að hafa eingöngu blá ljós án blikktíðni (sólir) til að auka sýnileika neyðarakstursökutækis þegar neyðarakstur á sér ekki stað t.d. að næturlagi og við fjölmennar samkomur.

#### 2. gr.

Við lið 07.02 um glitaugu og endurskinsmerki í 7. gr. bætast eftirfarandi töluliðir:

- a. (8) *Sérstakar glitmerkingar.*

Glitmerkingar ökutækja í neyðarakstri skulu vera sem hér segir:

**Litasamsetningar:**

Ökutæki lögreglu: Gulur og blár.

Ökutæki slökkviliðs: Gulur og rauður.

Ökutæki til sjúkraflutninga: Gulur og grænn.

Ökutæki björgunarsveita: Gulur og appelsínugulur.

Óheimilt er að hafa framvísandi rauða glitmerkingu og afturvísandi hvíta glitmerkingu, nema um sé að ræða viðvörunarglitmerkingar.

**Lögun:** Raðir af viðeigandi litum til skiptis. Önnur ökutæki en fólksbifreiðar skulu hafa ferhyrnt glit á hlið, viðvörunarglitmerkingar skv. lið 07.02 (7) að framan og/eða aftan.

**Viðurkenning og merkingar:** Ekki er gerð krafa um viðurkenningu á sérstökum glitmerkingum, en viðvörunarglitmerkingar skulu vera viðurkenndar og merktar samkvæmt ECE-reglum nr. 70 og 104.

**Stærð merkinga:** Hver flötur skal vera að lágmarki 40 x 40 mm.

- b. (9) *Undanþága.*

Samgöngustofa getur veitt ökutækjum í neyðarakstri undanþágu frá merkingum eða heimild til frekari merkinga og annarrar gerðar þeirra en kveðið er á um í reglugerð þessari.

3. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. september 2019.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. október 2019